



Borgarráð

Umsögn um fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnað vegna breytingar á vinnuaðstöðu borgarfulltrúa að Tjarnargötu 12

Á fundi borgarráðs 13. september sl. lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, fram eftirfarandi fyrirspurn:

„Hver er heildarkostnaður við að breyta sameiginlegri vinnuaðstöðu borgarfulltrúa á Tjarnargötu 12 sem var með 15 skrifborð yfir í núverandi aðstöðu með 15 skrifborð?“

Umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar:

Í samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg kemur fram að Reykjavíkurborg leggur hverjum borgarfulltrúa til skrifstofu og almennan skrifstofubúnað, þ.m.t. fartölvu, auk aðgangs að fundaraðstöðu. Önnur hæð að Tjarnargötu 12 hefur verið nýtt fyrir starfsaðstöðu borgarfulltrúa síðastliðin ár. Árið 2014 var síðast farið í breytingar á rýminu en þá voru einstaklingsskrifstofur sameinaðar í stærri rými með vinnuaðstöðu fyrir fleiri. Í lok síðasta kjörtímabils voru fimm aflokuð skrifstofurými á hæðinni með vinnuborðum fyrir 12 borgarfulltrúa. (Fjórar vinnustöðvar hjá Samfylkingunni auk fundaborðs, fjórar hjá Vinstri grænum, Bjartri framtíð og Pírötum, tvær hjá Framsókn og flugvallarvinum og tvær hjá Sjálfstæðisflokki auk fundaborðs)

Eina bókanlega fundaaðstaðan á hæðinni var inni í kaffistofu borgarfulltrúa.

Borgarstjórn samþykkti þann 19. september 2018 að fjöldi borgarfulltrúa myndi verða á yfirstandandi kjörtímabili í lögbundnu lágmarki, 23 borgarfulltrúar, við sveitarstjórnarkosningar sem fram fóru þann 25. maí 2018. Forsætisnefnd var falið að vinna að nauðsynlegum breytingum á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg, sem og öðrum samþykktum eftir því sem við á. Tillögur að breytingum á sal borgarstjórnar og vinnuaðstöðu borgarfulltrúa voru kynntar og samþykktar á fundi forsætisnefndar þann 1. desember 2017 og 19. janúar 2018. Forsætisnefnd lagði áherslu á að útbúin yrði góð vinnuaðstaða fyrir borgarfulltrúa þar sem gert yrði ráð fyrir samnýtanlegum borðum (hot desk), læstum skápum fyrir gögn og að bætt yrði við bókanlega aðstöðu fyrir fundahöld í Tjarnargötu 12. Einnig lagði forsætisnefnd áherslu á að borgarfulltrúar fengju til afnota aðstöðu fyrir viðtalstíma sína við borgarbúa.

Í samræmi við þá uppdætti sem kynntir voru forsætisnefnd var hafist handa við breytingar í sumarleyfi borgarstjórnar í júlí og ágúst. Veggir voru teknir niður og gerður salur sem er opið skrifstofurými fyrir fimmtán borgarfulltrúa þar sem áður var vinnuaðstaða fyrir tíu manns. Í salnum verða fimmtán borð og stólar auk skilrúma og læstra munaskápa. Auk þess voru

innréttuð tvö fundarherbergi fyrir borgarfulltrúa þar sem áður var vinnuaðstaða. Á sama tíma var unnið að m.a. endurbótum á gólfum, gluggum og málun á veggjum. Áætlaður kostnaður vegna viðhalds innanhúss er krónur 5.500.000, áætlaður kostnaður vegna breytinga á hæðinni og vegna móttöku/viðtalsherbergis borgarfulltrúa á jarðhæð að Tjarnargötu 12 er krónur 11.000.000 auk þess sem ráðast þurfti í utanhússviðgerðir, áætlaður kostnaður er krónur 2.500.000.

Óli Jón Hertervig